

Ársskýrsla

Starfsárið

2004 - 2005



Verkfæðingafélag
Íslands

Ársskýrsla þessi greinir frá starfsemi Verkfræðingafélags Íslands starfsárið 2004 - 2005. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins en stjórn félagsins þess á milli. Stjórnin hefur sér til ráðuneytis fulltrúaráð sem skipað er, auk stjórnar, formönnum fastanefnda, deilda, faghópa og hagsmunafélaga. Stór hluti félagsstarfsins fer fram innan fastanefnda félagsins, deilda og faghópa. Í þessari ársskýrslu birtast þær skýrslur formanna sem borist höfðu þegar ársskýrslan fór í prentun. Aðrar skýrslur verða lagðar fram á aðalfundi ásamt ársskýrslu þessari.

Ávarp formanns	bls. 3
Áhersla á mennta- og réttindamál	bls. 4
Útgáfa Árbókar, Verktækni og ritraðar	bls. 6
Fræðandi og skemmtilegt	bls. 7
Samstarf heima og að heiman	bls. 8
Ársreikningur Félagssjóðs 2003	bls.11
Ársreikningur Hússjóðs 2003	bls.12
Skýrslur deilda, faghópa og nefnda	bls 14
Atburðir 2003 -2004	bls.19

Stjórn VFÍ 2004 til 2005:

Steinar Friðgeirsson, formaður
Guðrún Ólafsdóttir, varaformaður
Helga Þórhallsdóttir
Ólafur Pétur Pálsson
Ómar Imsland
Torfi G. Sigurðsson
Eysteinn Einarsson

Endurskoðendur:

Vífill Oddsson, skoðunarmaður
Kristinn Gestsson löggiltur endurskoðandi

Starfsfólk:

Logi Kristjánsson, framkvæmdastjóri
Guðríður Ó. Magnúsdóttir
Auður Hafsteinsdóttir
Þórunn Árnadóttir

Ritstjóri Verktækni:

Sigrún S. Hafstein

Ritstjóri Árbókar:

Ragnar Ragnarsson

Á árinu 2004 var starfsemi Verkfræðingafélags Íslands með nokkuð hefðbundnu sniði.

Haldnir voru samlokufundir, ráðstefnur, málþing, hefðbundnir fundir auk þess sem farið var í fyrirtækjaheimsóknir og vettvangsferðir vítt um land. Þátttaka var yfirleitt góð í umræddum atburðum sem sýnir áhuga félagsmanna á faglegri starfsemi félagsins.

Sameining við önnur félög

Í framhaldi af tillögum sameiginlegrar nefndar SV, TFÍ og VFÍ var ákveðið í upphafi árs 2004 að gera könnun á afstöðu félagsmanna til hugmynda um að sameina VFÍ annars vegar SV og hins vegar TFÍ. Niðurstöður könnunarinnar sýndu að yfirgnæfandi fylgi er fyrir sameiningu við SV, eða um 82% þeirra sem tóku þátt í könnuninni. Meirihluti er einnig fyrir sameiningu við TFÍ, eða um 67 %.

Í október 2004 skipuðu félögin þrjú hvert um sig tvo fulltrúa í nefnd til að gera tillögu að skipulagi og uppbyggingu sameiginlegs félags. Í upphafi árs 2005 voru lagðar fram nýjar tillögur um á hvern hátt talið er skynsamlegast að sameina félögin. Hafin er kynning á þessum hugmyndum og verða þær til umfjöllunar hjá félögunum áður en ákvörðun verður tekin, sem verður væntanlega síðar á árinu 2005.

Í dag eru um 1100 félagar í Verkfræðingafélagi Íslands. Ef af sameiningunni verður má gera ráð fyrir að félagsmenn geti orðið 2500 til 3000 í hinu nýja og endurskipulagða félagi, sem þá verður félag tæknifræðinga jafnt sem verkfræðinga.

Ritröð VFÍ

Fyrir þremur árum var hrundið af stað ritröð á vegum Verkfræðingafélags Íslands í tilefni af 90 ára afmæli félagsins. Fyrsta ritið var "Frumherjar í verkfræði á Íslandi" og ritröðinni lýkur 2012 með riti um 100 ára sögu félagsins.

Hinn 12. desember 2004 var þess minnst við hátíðlega athöfn í Hafnarfirði að 100 ár voru liðin frá því að lítil vatnsaflsvirkjun við Hamarskotslæk í Hafnarfirði hóf raforkuframléiðslu og var fyrsti vísirinn að rafmagnsveitu á Íslandi. Flestir gerðu sér í upphafi grein fyrir mikilvægi þessa áfanga og þeim tækifærum sem fólust í raforkunni. Rafvæðing Íslands var hafin sem átti eftir að gjörbreyta afkomu og

lífsskilyrðum í landinu.

Á þeirri öld sem liðin er frá því að virkjunin í Hamarskotslæk var reist hefur íslenskt samfélag tekið stakkaskiptum. Hagnýting raforkunnar hefur umbylt samfélaginu og rafmagnið verið aflvaki efnahagslegra og þjóðfélagslegra framfara í landinu. Nú er svo komið að raforkukerfið er á sinn hátt lífæð samfélagsins þar sem raforkan er undirstaða daglegs lífs og raforkuiðnaðurinn og kerfi hans hluti af hátækniiðnaði nútíma þjóðfélags.

Af þessu tilefni ákvað Verkfræðingafélag Íslands að helga Tæknidaga 2004 afmælinu og að gefa út nýja bók í ritröð sinni. "Afl í segulæðum" er því annað ritið í ritröðinni og eins og undirtitillinn segir til um fjallar bókin um sögu rafmagns á Íslandi í 100 ár. Ákveðið var að efnistöð bókanna yrðu með þeim hætti að segja sögu rafvæðingarinnar, bæði upphafsárin og samveitutumabilið sem og sögu iðnaðaruppbyggingar seinni árin.

Höfundur er Sveinn Þórðarson, sagnfræðingur, og er ótrúlegt hvað honum tókst á skömmum tíma að skapa heilsteypt verk um viðamikla sögu. Á hann heiður skilinn fyrir frábæru vinnu. Hlaut bókin afar góðar viðtökur og er Verkfræðingafélagið þakklátt öllum þeim sem tóku þessu framtaki svo vel.

NORDING 2004

Fundur formanna og framkvæmdastjóra á Norðurlöndunum, NORDING var haldinn dagana 9.-11. september 2004 í Mölle í Svíþjóð á vegum sænsku félaganna. Að þessu sinni var sérstaklega fjallað um það sem nefnt er "outsourcing" eða úthýsing í alþjóðlegu viðskiptalífi, þar sem verkefni eru leyst í æ ríkari mæli í þróunarríkjum eins og Indlandi og Kína. Var áhugavert að fræðast um það hvernig verkefni verkfræðinga og tæknifræðinga eru í vaxandi mæli að færast yfir til þróunarlanda og annarra lágláunalanda, þessi þróun er þegar búin að nema land hjá okkur.

Verktækni golfmót 2004

Verktækni golfmót VFÍ og TFÍ var haldið í Vestmannaeyjum í ágúst 2004 og tókst afar vel í alla staði. Hér var ekki eingöngu um að ræða golfferð heldur var þeim sem ekki kusu að leika golf boðið að fara í skoðunarferð um eyjuna



Ávarp formanns

á meðan á mótinu stóð. Leikið var golf í frábæru veðri og að kvöldi mótsdags var glæsilegur kvöldverður í Höllinni þar sem verðlaunaafhending fór fram. Að þessu sinni sigruðu tæknifræðingar og endurheimtu þar með styttuna sem verkfræðingar unnu árinu áður. Að morgni sunnudags var síðan farið í eftirminnilega siglingu umhverfis Heimaey.

Vettvangsferð á Austurland

Fjölmennur samlokufundur var haldinn í september 2004 um Kárahnjúkavirkjun þar sem Guðmundur Pétursson verkefnisstjóri Landsvirkjunar kynnti stöðu mála við byggingu virkjunarinnar. Í kjölfarið var farið í vettvangsferð að Kárahnjúkavirkjun bæði flugleiðis og með jeppaleiðangri yfir hálendið. Guðmundur annaðist sjálfur skipulagningu og undirbúning ferðarinnar á staðnum. Þátttaka var góð og voru liðlega 100 manns á staðnum. Móttökur Landsvirkjunar voru til fyrirmyndar og leiðsögnin að sama skapi. Á leiðinni niður af fjalli var áð í Skriðuklaustri þar sem boðið var upp á veitingar. Daginn eftir var síðan haldið til Reyðarfjarðar til að skoða framkvæmdir við Álver Fjarðaáls sem þar mun rísa og var fræðsla og leiðsögn í höndum starfsmanna Bectels og HRV. Eftir móttöku og fræðslu hjá Vegagerðinni á Reyðarfirði voru ný jarðgöng yfir til Fáskrúðsfjarðar skoðuð og vorum við fyrsti utanaðkomandi hópurinn sem það gerði.

Fundur með menntamálaráðherra

Þann 23. september 2004 stóðu VFÍ og TFÍ fyrir ráðstefnu um menntun verkfræðinga og tæknifræðinga á Grand Hótelu í Reykjavík. Á ráðstefnunni var fjallað m.a. um menntunina í samhengi við skóla, markað, stærðfræði og framtíð. Nokkru áður fór formaður á fund til menntamálaráðherra ásamt framkvæmdastjóra og formanni MVFÍ. Tilfnið var bréf sem sent var sl. vor með ályktun MVFÍ um gæðakröfur í menntun verkfræðinga og tillögu um nýja úttekt í líkingu við þá sem gerð var fyrir um áratug á verkfræðideild HÍ af ABET. Tók ráðherra málaleitaninni vel og lofaði fulltingi sínu. Á fundinum ítrekuðum við fulltrúar VFÍ stefnu félagsins um að komið verði á fót einum verkfræðiháskóla sem verði staðsettur í fyrirhuguðum Vísindagörðum í Vatnsmýrinni og að þangað verði einnig flutt starfsemi rannsóknastofnana atvinnuveganna.

Ráðstefna um samgöngumál

Ráðstefna VFÍ og TFÍ um samgöngumál, sem haldin var þann 3. mars 2005 á Grand Hótelu í Reykjavík, var vel heppnuð og fjölsótt en gestir á ráðstefnunni voru um 180.

Samgönguráðherra ávarpaði ráðstefnuna í upphafi en að því loknu var fjallað um hálendisvegi fram að hádegi. Kom fram í máli flestra að ekki ætti að flana að neinu við uppbyggingu hálendisvega. Eftir hádegi var efnið samgöngur á höfuðborgarsvæðinu og var m.a. athyglisvert að heyra þá skoðun prófessors Jens Rörbech að Reykjavík væri af mjög hentugri stærð hvað skipulag áhræir, þar væru engin stórvandræði í umferðinni þrátt fyrir mikinn fjölda bíla en engu að síður bæri að leggja meiri áherslu á almenningssamgöngur.

Lokaorð

Öðru starfsári mínu sem formaður VFÍ er nú senn að ljúka og er ég nokkuð sáttur við starf félagsins. Afkoma félagsins var góð og starfsemin á margan hátt öflug enda þótt alltaf megi gera betur á ýmsum sviðum. Samstarf við starfsmenn félagsins hefur verið ánægjulegt enda duglegt og áhugasamt fólk sem lætur sér annt um hag félagsins sem fyrr.

Einnig hefur verið ánægjulegt og gefandi að kynnast og starfa með öðrum stjórnarmönnum sem leggja sig fram fyrir félagið. Þá hefur samstarf við forystumenn SV og TFÍ verið ágætt og skilar vonandi enn meiri árangri í framtíðinni. Úr stjórn ganga að þessu sinni Helga Þórhallsdóttir, Ómar Imsland og Torfi Sigurðsson og vil ég þakka þeim ánægjulega viðkyrningu og gott samstarf. Öðrum stjórnarmönnum, starfsfólki, nefndarmönnum og öðrum sem lagt hafa hönd á plóginn í þágu VFÍ þakka ég einnig ánægjulegt samstarf á starfsárinu.

Steinar Friðgeirsson



Áhersla á mennta- og réttindamál

Menntamálanefnd Skipan nefndarinnar og fundir

Menntamálanefnd VFÍ var á starfsárinu skipuð eftirtöldum mönnum:

Steindór Guðmundsson, formaður

Gunnar Guðni Tómasson, ritari

Björn Karlsson

Einar Matthíasson

Pétur K. Maack

Ragnhildur Geirsdóttir

Sigurður M. Garðarsson

Þórður Helgason

Sigurður M. Garðarsson, formaður ENSÍM-nefndar VFÍ, TFÍ og SV, situr jafnframt í menntamálanefndinni.

Sigurður situr einnig í stjórn Endurmenntunarstofnunar HÍ sem fulltrúi VFÍ.

Um hlutverk og verkefni menntamálanefndar er fjallað í 19. grein félagslaga VFÍ.

Menntamálanefnd hélt alls 10 fundi á starfsárinu, fundir nr. 246 - 255. Venjulegur fundartími er annar fimmtudagur hvers mánaðar.

Umsóknir til félagsins

Umsóknir um inngöngu í félagið og leyfi til að kalla sig verkfræðing voru sem hér segir á starfsárinu:

Af 42 umsóknum um inngöngu í félagið voru 38 umsóknir samþykktar, 1 var hafnað og umfjöllun um 3 er ekki lokið. Ein umsókn um ungfélagaaðild var samþykkt. Af 59 umsóknum um starfsheitið voru 53 umsóknir samþykktar, 2 var hafnað og umfjöllun um 4 er ekki lokið. Þeir einstaklingar sem mælt var með að fái leyfi til að kalla sig verkfræðing og/eða fengu samþykta inngöngu í félagið voru alls 67 talsins. Heildarfjöldi umsókna síðustu fimm starfsár hefur verið mun meiri en næstu ár þar á undan.



Fyrirspurnir um viðurkennda skóla og/eða námsbrautir

Auk þessara formlegu umsókna um inngöngu í félagið og leyfi til að nota starfsheitið verkfræðingur bárust menntamálanefnd VFÍ allmargar fyrirspurnir um það hvort tiltekið nám myndi verða viðurkennt sem fullnægjandi til þess að fá að nota starfsheitið verkfræðingur. Í langflestum tilvikum var um að ræða fólk í BS-námi í verkfræði við Háskóla Íslands sem var að velta fyrir sér framhaldsnámi í ýmsum löndum en einnig bárust nokkrar fyrirspurnir frá öðrum. Alls fjallaði nefndin formlega um 18 slíkar fyrirspurnir á starfsárinu. Nokkrum fyrirspurnum til viðbótar, sem ekki voru eins ítarlegar, var svarað beint með tilvísun í auglýstar reglur um starfsheitið.

Ályktun um sjálfstæðan Verkfræðiháskóla

Nefndin fjallaði á allmörgum fundum sínum um framtíðarstefnu VFÍ í menntamálu. Var m.a. fjallað um tillögu Verkfræðideildar Háskóla Íslands: »Verkfræðiháskóli – Framtíðarsýn«, og sendi menntamálanefndin frá sér ályktun í mars 2004 þar sem lýst var stuðningi við sjálfstæðan Verkfræðiháskóla, þar sem öll tæknimenntun á háskólastigi væri sameinuð í einum skóla í náinni samvinnu við rannsóknastofnanir atvinnuveganna:

Starfsár	04-05	03-04	02-03	01-02	00-01	99-00	98-99	97-98
Innganga	42	51	53	45	65	34	18	21
Starfsheiti	51	50	53	52	60	41	36	29
Ungfélagaaðild	1	2	1	1	0	0	1	0
Umsóknir alls	102	103	107	98	125	75	55	50

Menntamálanefnd Verkfræðingafélags Íslands lýsir yfir stuðningi við hugmyndir um að auka stjórnunarlegt og fjárhagslegt sjálfstæði Verkfræðideildar Háskóla Íslands með það að markmiði að efla starfsemi hennar.

Gæði verkfræðimenntunar á Íslandi verða best tryggð með því að efla starfsemi þeirra stofnana sem sinna tæknimenntun hér á landi og auka um leið samstarf þeirra á milli. Aðeins þannig geta þessar stofnanir verið samkeppnishæfar við erlenda tækniháskóla.

Menntamálanefnd er ennfremur sammála vísinda- og tæknistefnu núverandi ríkisstjórnar um að endurskilgreina beri skipulag og starfshætti opinberra rannsóknastofnana þannig að kraftar þeirra nýtist betur. Þetta mætti t.d. gera með því að stofna öflugan vísindakjarna á grunni rannsóknastofnana, Verkfræðideildar Háskóla Íslands og Tækniháskóla Íslands.

Ályktun um gæði verkfræðimenntunar

Í umfjöllun um framtíðarstefnu VFÍ í menntamálu fjallaði nefndin ennfremur um það hvernig unnt yrði að fylgjast með og tryggja gæði verkfræðináms við Verkfræðideild Háskóla Íslands, ennfremur gæði verkfræðináms við aðra háskóla sem hugsanlega myndu taka upp kennslu í verkfræði á næstu árum. Menntamálanefndin sendi frá sér ályktun í mars 2004 þar sem lagt var til að allt nám til B.Sc.-prófs í verkfræði verði tekið út og metið af alþjóðlega viðurkenndum vottunaraðila. Bent var á að heppilegt væri að leita til ABET í Bandaríkjunum til

að annast slíka úttekt:

Þekking og kunnátta verkfræðinga hefur verið hornsteinn tækniframfara í landinu undanfarna áratugi. Almennur hefur getað reitt sig á og treyst þeirra faglegu vinnubrögðum. Grundvöllur þessa er öflug menntun þar sem verulegar kröfur eru gerðar til nemanda um að tileinka sér tiltekna færni og þekkingu.

Menntamálanefnd Verkfræðingafélags Íslands (MVFI) hefur lengi staðið vörð um að þessi þekking og færni sé til staðar. Nefndin hefur verið umsagnaraðili iðnaðarráðuneytisins um hvort einstaklingar séu til þess hæfir að mega bera titilinn verkfræðingur. Matskröfurnar eru opinberar og gegnsæjar og þar kemur m.a. fram mikilvægi þess að vel sé vandað til undirstöðu námsins.

Nauðsynlegt er að meta hvort skólar hér á landi sem bjóða upp á nám í verkfræði eða ætla að bjóða upp á slíkt nám standist þær kröfur sem gera verður til verkfræðináms. Slíkt mat er í samræmi við stefnu Menntamálaráðuneytisins um gæðamat í skólastarfi og mun einnig tryggja að nemendur sem stunda slíkt nám fái greiða inngöngu í framhaldsnám við góða verkfræðiskóla hvar sem er í heiminum. Ennfremur geta nemendur verið vissir um að þeir fái heimild til að kalla sig verkfræðing að loknu meistaraþrófi í verkfræði sem tekið er að öllu leyti eða að hluta til við þessa skóla og þá að hluta til við aðra viðurkennda skóla.

MVFI leggur því eindregið til að nám við skóla hér á landi sem hafa heimild eða fá heimild til að kenna verkfræði til B.Sc. prófs verði tekið út og metið af alþjóðlegum viðurkenndum vottunaraðila. Heppilegast er að það sé hin virta bandaríska stofnun ABET (Accreditation Board of Technical Education) sem annist slíka úttekt. Stofnunin hefur áður gert slíka úttekt hérlandis og njóta úttektir hennar virðingar um allan heim.

Alþjóðleg úttekt er ekki aðeins mikilvæg fyrir Íslendinga til að viðhalda kröfum til hins lögverndaða starfsheitis verkfræðingur, heldur er hún mikilvæg til að íslensk verkfræðimenntun og íslenskir verkfræðingar njóti trausts á alþjóðavettvangi og til að námið hérlandis sé samkeppnishæft við nám í erlendum verkfræðiskólum.

Ályktanir sendar ráðherra

Báðar þessar ályktanir voru sendar í nafni félagsins til menntamálaráðherra og fleiri aðila tengdum tæknimenntun á háskólastigi. Til þess að fylgja

Þessum ályktunum eftir var jafnframt beðið um fund sem fyrst með menntamálaráðherra. Vegna mikilla anna hjá nýjum menntamálaráðherra og síðan vegna fjölmiðlafrumvarps, fékkst ekki fundur með ráðherra fyrr en 15. september 2004. Þá höfðu forsendur breyst að því leyti að farið var að ræða (hugsanlega) sameiningu Tækniháskólans og Háskólans í Reykjavík. Á fund ráðherra fóru formaður félagsins og framkvæmdastjóri ásamt formanni MVFÍ. Ráðherra tók vel í erindi sendimanna varðandi ABET –úttekt á öllu verkfræðinámi og hvatti jafnframt til samvinnu milli VFÍ og nýja háskólans um skipulag verkfræðináms þar.

Fundir og ráðstefnur

VFÍ og TFÍ gengust fyrir ráðstefnu um tækninám á háskólastigi. Ráðstefnan var haldin 23. september 2004 og var fjölsótt og þótti takast vel í meginatriðum. Sama mál var til umræðu á samráðsfundi VFÍ og TFÍ í desember 2004. Í janúar 2005 var síðan fundur hjá VFÍ og TFÍ með kynningu á fyrstu drögum að tækni- og verkfræðideild í nýjum háskóla. Loks má nefna fund með nemendum og kennurum í Verkfræðideild Háskóla Íslands í febrúar 2005, þar sem til umræðu var tækninám á háskólastigi.

Önnur mál

Þórður Helgason, nefndarmaður í MVFÍ, á sæti í undirbúningsnefnd um meistaranám í heilbrigðisverkfræði við Háskóla Íslands, og hefur menntamálanefndin fengið að fylgjast með framvindu þess máls, sem hefur gengið heldur hægar en vonir stóðu til. Gunnar Guðni Tómasson, nefndarmaður í MVFÍ, hefur tekið sæti í nefnd sem mun undirbúa ABET–úttektir á BS–prófum í verkfræði við verkfræðideildir Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Loks má geta þess að samstarf hefur nú komist á milli MVFÍ og Háskólans í Reykjavík um að nefndin fái að fylgjast með skipulagi nýja verkfræðinámsins þar.

Endurmenntunar- og símenntunarnefnd VFÍ, TFÍ, AV og SV

Endurmenntunar- og símenntunarnefnd VFÍ, TFÍ, AV og SV (ENSÍM) starfar að endurmenntunarmálum félaganna. Á vegum nefndarinnar hafa starfað þrjú faghópar á eftirfarandi sviðum: véla- og iðnaðarsvið, rafmagns- og tölvusvið og byggingar- og umhverfissvið. Nefndin hefur einnig samstarf við arkitekta varðandi námskeiðahald.

Starf nefndarinnar hefur verið í lágmarki og hefur það leitt til endurskoðunar á því hvernig skipað er í nefndina. Nú hafa verið skipaðir í nefndina einstaklingar sem tengjast störfum deildanna og mun það vonandi skila sér í öflugara starfi. Rafmagnsverkfræðingadeild VFÍ stóð fyrir könnun meðal sinna félagsmanna varðandi endurmenntun og komu fram ýmsar athyglisverðar niðurstöður sem nefndin mun nýta sér í sínu starfi. Nefndin vinnur meðal annars með Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands (EHÍ) að því að bjóða upp á endurmenntunarnámskeið í tæknigeiranum.

Löggildingarnefnd VFÍ

Nefndina skipuðu starfsárið 2004 - 2005: Hallgrímur Sigurðsson
Rúnar G. Sigmarsson
Tómas R. Hansson
Nefndin hélt þrjú fundi á starfsárinu og voru teknar fyrir sjö umsóknir um löggildingu. Fjórar umsóknir fengu jákvæða afgreiðslu hjá nefndinni en í tveimur tilfellum var óskað eftir frekari gögnum um reynslu og verkefni sem umsækjandi hefur unnið á viðkomandi sérsviði. Einni umsókn var hafnað þar sem umsækjandi uppfyllti ekki tiltekin laga-skilyrði.

VFÍ afhent brjóstmynd af Sigurði Thoroddsen

Í aprílmánuði 2004 afhentu afkomendur Sigurðar Thoroddsen verkfræðings Verkfræðingafélagi Íslands brjóstmynd af honum sem Sigurjón Ólafsson gerði á sínum tíma. Sigurður (f. 24. júlí 1902 – d. 28. júlí 1983) var frumvöðull á sviði verkfræðiráðgjafar og stofnaði fyrstu verkfræðistofuna hér á landi.



Útgáfa Árbókar, Verktækni og ritröðin

Útgáfunefnd VFÍ og TFÍ

Verkfræðingafélag Íslands og Tækni-fræðingafélag Íslands standa sameiginlega að útgáfunefnd félaganna.

Í útgáfunefnd hafa starfað á sl. ári:

Frá VFÍ: Ólafur Pétur Pálsson (formaður), Kristinn Andersen og Ragnar Ragnarsson (ritstjóri Árbókar)
Frá TFÍ: Árni Þór Árnason og Óli Jón Hertervig

Blaðnefnd Verktækni var skipuð sömu fulltrúum að þessu sinni og á síðastliðnu ári. Nefndina skipa Ólafur Pétur Pálsson (VFÍ) og Árni Þór Árnason (TFÍ), auk Sveinbjargar Sveinsdóttur frá Stéttarfélagi verkfræðinga og er hún formaður blaðnefndar. Þungamiðjan í útgáfumálum félaganna hefur síðastliðið ár, eins og undanfarin ár, verið útgáfa Verktækni og Árbókar VFÍ/TFÍ.

Verktækni

Sigrún Hafstein hefur gegnt störfum ritstjóra Verktækni undanfarin ár og öflugra og reglubundna útgáfustarfsemi blaðsins ber ekki síst að þakka henni. Blaðið var gefið út mánaðarlega á sl. ári, utan tveggja sumarmánaða. Mánaðarlegt upplag blaðsins var um 3000 eintök og blaðinu var dreift endurgjaldslaust til félagsmanna, en að auki til fjölmiðla, auglýsenda og ýmissa fyrirtækja og stofnana. Ritstjórn og rekstur blaðsins er í góðum farvegi, fjármál Verktækni hafa í meginatriðum gengið eftir áætlunum á árinu og eru reikningar blaðsins endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.



ðin

Árbók VFÍ/TFÍ

Ragnar Ragnarsson hefur ritstýrt Árbók VFÍ/TFÍ og útgáfa hennar hefur verið með miklum ágætum. Við útgáfu Árbókar er fylgt fimm ára samningi sem gerður var við ritstjóra fyrir um þremur árum síðan. Engar breytingar voru gerðar á Árbókinni að þessu sinni, en allnokkrar breytingar voru gerðar síðast, meðal annars er bókin öll prentuð í lit. Árbók 2004 kom út í lok nóvember og var hún að þessu sinni 280 síður. Fjöldi eintaka var 2050.

Sextánda rit Orðanefndar RVFÍ

Sextánda orðabók Orðanefndar rafmagnsverkfræðinga kom út fyrir skömmu og er þetta niunda orðabókin sem nefndin gefur út í eigin nafni á jafnmörgum árum. Raftækniorðasafnið fjallar um ljósleiðara- og geimfjarskipti (sjá bls.17).

„Afl í segulæðum – Saga rafmagns á Íslandi í 100 ár“

Annað bindið í afmælisritröð Verkfræðingafélags Íslands kom út í desember 2004 og var tileinkað 100 ára afmæli rafvæðingar á Íslandi. Fyrir tveimur árum var ritröðinni hrundið af stað í tilefni af 90 ára afmælis félagsins. Fyrsta ritið var „Frumherjar í verkfræði á Íslandi“. Vinna er hafin við sögu brúarsmíði á Íslandi og öflun gagna vegna rits um sögu rannsóknastofnana. Ritröðinni mun ljúka árið 2012 með riti um 100 ára sögu félagsins. Sú stefna var í upphafi mörkuð að ritin skuli vera auðlesin, fróðleg og skemmtileg og höfða til almennings jafnt sem verkfræðinga og annarra tæknimennataðra stétta.

60 þúsund gestir á Tæknidögum 2004

Tæknidagar 2004 voru haldnir í Smáralind dagana 28. október til 2. nóvember s.l. Voru þeir tileinkaðir 100 ára afmæli rafvæðingar á Íslandi og báru yfirskriftina: Orkan okkar heimili morgundagsins. Í Vetrargarði Smáralindar var byggt tæknilega fullkomið 350 fermetra einbýlishús á örfáum dögum. Markmiðið var að gefa Íslendingum hugmynd um hvernig heimili morgundagsins kemur til með að líta út. Talið er að um 60 þúsund gestir hafi komið á sýningarsvæðið.

Í tengslum við sýninguna voru ráðstefnur í bíósölum Smáralindar. Meðal annars var framhaldsskólanemum boðið til kynningar þar sem m.a. var kynnt nám tengt orkugeiranum og fagfélögin sem stóðu að sýningunni.

Að Tæknidögum 2004 stóð Orkuveita Reykjavíkur í samvinnu við VFÍ, TFÍ, Arkitektafélag Íslands, Félag húsgagna- og innanhússarkitekta og Ljóstæknifélag Íslands.

Verk - tækni golfmótið

Frá árinu 1997 hafa verkfræðingar og tæknifræðingar keppt í golfi á svokölluðu VerkTækni móti. Að þessu sinni var mótið haldið í Vestmannaeyjum laugardaginn 14. ágúst síðastliðinn. Tæknifræðingar fóru með sigur af hólmi og hafa því unnið mótið sjö sinnum, aðeins einu sinni hafa heilladísirnar snúist á sveif með golfurum úr verkfræðingastétt. Mótið þótti takast frábærlega vel enda spillti veðrið ekki fyrir, sól og blíða allan tímann og á meðan golfarar spiluðu golf fóru makar þeirra í kynnisferð um eyjuna. Um kvöldið var síðan móttaka hjá Hitaveitu Suðurnesja og glæsileg veisla í Höllinni þar sem verðlaunaafhending fór einnig fram.

Skemmtileg árshátíð

Árshátíð VFÍ var að venju haldin fyrsta laugardaginn í febrúar og tókst hún í alla staði vel. Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík, var heiðursgestur og flutti hátíðarræðu.

Tómas Már Sigurðsson forstjóri Fjarðaáls var veislustjóri.

Eyþór Gunnarsson, lék undir borðum, Brynhildur Guðjónsdóttir söng lög Edith Piaf og hljómsveitin Slur lék fyrir dansi.

Á árshátíðinni voru fjórir verkfræðingar sæmdir heiðursmerki félagsins fyrir vel unnin störf innan verkfræðinnar og í þágu félagsins.

Verkfræðingarnir fjórir eru: Gunnar Ámundason, rafmagnsverkfræðingur, Jónas Frímannsson, byggingarverkfræðingur, Runólfur Maack, vélaverkfræðingur og Tryggvi Sigurbjarnarson, rafmagnsverkfræðingur.

Fundir og ráðstefnur

Fjöldi funda, skoðunarferða og ráðstefna hafa verið haldnar á vegum félagsins og ber listinn á bls. 19 merki um öflugt og fjölbreytt starf.

Menntamál hafa verið í brennidepli umræðunnar ásamt sameiningarmálum félaga verkfræðinga og tæknifræðinga. Auk samlokufunda, sem haldnir eru að jafnaði fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði, voru haldnir morgunverðar- og hádegisverðarfundir um fjölbreytt efni.

Á vegum deilda var farið í heimsóknir til fyrirtækja og í skoðunarferðir.

Ráðstefna um menntunarmál

Menntun verkfræðinga og tæknifræðinga var viðfangsefni ráðstefnu sem VFÍ, TFÍ og Hagsmunafélag um eflingu verkfræði- og tæknifræðimenntunar stóðu að fimmtudaginn 23. september s.l. Ráðstefnan var vel sótt og þótti



takast vel. Fjörugar pallborðsumræður í lok ráðstefnunnar báru merki þeirra áforma um að sameina THÍ og HR og hefja þar kennslu í verkfræði.

Ráðstefna um samgöngumál

var haldin á vegum VFÍ og TFÍ 3. mars sl. á Grand Hótel. Á ráðstefnunni var fjallað um hálendisvegi og samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu. Auk fjölmargra innlendra fyrirlesara fluttu tveir erlendir fyrirlesar þeir G.Scott Rutherford prófessor við University of Washington og Jens Rörbech prófessor við DTU erindi á ráðstefnunni sem þótti takast sérstaklega vel. Hátt í tvö hundruð manns sátu ráðstefnuna.

Ferð að Kárahnjúkavirkjun og á Reyðarfjörð

Farið var í vettvangsferð að Kárahnjúkavirkjun laugardaginn 18. september 2004 bæði flugleiðis samdægurs sem og á jeppum yfir hálendið þar sem lagt var upp á fimmtudeginum 16. Þátttaka var góð en liðlega 100 manns mættu á staðinn. Á sunnudeginum 19. september hélt síðan um 40 manna hópur til Reyðarfjarðar í heimsókn til Bechtel og HRV til að fræðast um stöðu framkvæmda við álverið sem þar er að rísa. Þar á eftir tóku starfsmenn Vegagerðarinnar á móti hópnum og sögðu frá nýju göngunum til Fáskrúðsfjarðar sem voru síðan skoðuð í kjölfarið.

Bridgekeppni á vegum VFÍ

Á vegum VFÍ var haldin bridgekeppni í tvímenni að Engjateigi 9 þann 8. desember sl. Fjórtán þör eða 28 manns tóku þátt. Góður rómur var gerður að keppninni og verður hún væntanlega endurtekin að ári.

Lífeyrissjóður verkfræðinga 50 ára

Á árinu 2004 voru 50 ár liðin frá því að lögð voru drög að stofnun Lífeyrissjóðs verkfræðinga og hafin var greiðsla iðgjalda til sjóðsins. Frá upphafi hefur sjóðurinn verið í fararbroddi meðal íslenskra lífeyrissjóða í ýmsum eignum.

Samstarf við Tæknifræðingafélag Íslands og Stéttarfélag verkfræðinga

Fyrir rúmum ellefu árum hófu VFÍ og VFÍ samstarf um rekstur sameiginlegrar skrifstofu fyrir félögin.

Frá því að TFÍ flutti starfsemi sína í Verkfræðingahús 1994 hefur samstarfið vaxið jafnt og þétt. Nýjar samstarfsnefndir taka að sér fjölbreytt verkefni og er það vel. Uppskeran er þróttmikið starf og aukinn kraftur í starfsemi beggja félaga.

SV er nú að koma inn í nánara samstarf við VFÍ og TFÍ varðandi skrifstofureksturinn. Samrekstur á sal á jarðhæð og sameiginlegur netþjónn voru fyrstu skrefin. Sameiginlegt bókhaldskerfi og nýtt símakerfi verða þau næstu.

Sameining TFÍ, VFÍ og SV?

Sameiningarmálin voru til umfjöllunar allt starfsárið. Í lok árs 2003 skilaði samstarfsnefnd SV, TFÍ og VFÍ álit þar sem lagt var til að félögin skyldu sameinuð. Niðurstöður voru kynntar á félagsfundum og í framhaldi af því gengust VFÍ og TFÍ fyrir skoðanakönnunum, sem sýndu að góður meirihluti virðist vera meðal verkfræðinga og tæknifræðinga fyrir sameiningu. Félögin skipuðu því aðra nefnd til að útfæra tillögur að skipulagi nýs félags. Nefndin skilaði metnaðarfullu álit þar sem útfærðar eru hugmyndir um hvernig sameinað félag verkfræðinga og tæknifræðinga, geti best þjónað hagsmunum þeirra bæði faglegum og kjaralegum.

Menntunarmálin rædd á samráðsfundi

Frá því TFÍ og VFÍ hófu samrekstur skrifstofu hafa verið haldnir árlegir samráðsfundir þar sem tekin eru fyrir málefni er varða hagsmuni félaganna. Samráðsfundur var haldinn 3. desember 2004. Að þessu sinni voru menntunarmál tæknifræðinga og verkfræðinga tekin fyrir, enda fyrirliggjandi sameining Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.



Samstarf heima

MENNT

Samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla

Mennt er samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins, skóla á framhalds- og háskólastigi og sveitarfélaga. Meginhlutverk Menntar er að annast söfnun og miðlun upplýsinga og stuðla að gagnkvæmri yfirfærslu þekkingar og færni. Einnig sér Mennt um framkvæmd á verkefnum er tengjast menntun og fræðslu ásamt því að vera virkur vettvangur umræðna og samstarfs aðila vinnumarkaðarins, skóla og stefnumótunaraðila.

Samtökin voru stofnuð 27. nóvember 1998 með sameiningu Sammenntar og Starfsmenntafélagsins, og voru VFÍ og TFÍ meðal stofnaðila, en þau voru áður þátttakendur í Sammennt. Fulltrúi VFÍ hjá Mennt er Sigurður M. Garðarsson. Mennt veitir árlega starfsmenntaverðlaun í samvinnu við Starfsmenntaráð. Starfsmenntaverðlaunin voru veitt í fimmta sinn þriðjudaginn 14. september síðastliðinn í húsnæði Iðnskólans í Reykjavík. Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson afhenti verðlaunin, sem eru veitt fyrir framúrskarandi starf á sviði starfsmenntunar á Íslandi.

Verðlaunin eru veitt í þremur flokkum, og verðlaunin í ár hlutu:

Í flokki fyrirtækja - Landsbanki Íslands
Í flokki fræðsluaðila - Samtök verslunar og þjónustu og Viðskiptaháskólinn á Bifröst

Í opnum flokki - Janus endurhæfing
Átta manns skipa stjórn Menntar, tveir tilnefndir af ASÍ, tveir af Samtökum atvinnulífsins, tveir af Iðnmennt



og að heiman

(Sambandi iðnmenntaskóla), einn af Samstarfsnefnd háskólastigsins og einn af Samstarfsnefnd um menntun í iðnaði. Núverandi formaður er Garðar Vilhjálmsson, fulltrúi ASÍ (frá Eflingu). Framkvæmdastjóri MenntararAðalheiður Jónsdóttir, og skrifstofa samtakanna er á Grensásvegi 16a. Starfsmenn eru fimm auk framkvæmdastjóra. Vefsíða MENNTAR er www.mennt.net. Þar má finna frekari upplýsingar um samtökin.

Hagsmunafélag um eflingu verk- og tæknimenntunar

á háskólastigi á Íslandi var stofnað 23. mars 1999.

Að Hagsmunafélaginu standa: Tæknifræðingafélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands, Tækniháskóli Íslands og Samtök iðnaðarins.

Formaður Hagsmunafélagsins er Bjarni Bessason, prófessor við Háskóla Íslands.

Á undanförunum árum hefur hagsmunafélagið staðið fyrir umræðum um tæknimenntun á háskólastigi og kynningarfundum fyrir nemendur í framhaldsskólum landsins.

Hagsmunafélagið hefur árlega veitt viðurkenningar til skóla og/eða kennara.

Þrjú skólar hljóta viðurkenningu

Vorið 2004 heiðraði Hagsmunafélag um eflingu verk- og tæknimenntunar þrjú skóla fyrir góðan árangur í kennslu í raungreinum: Hlíðaskóla, Landakotsskóla og Grunnskólann á Hellu.

Norðurlandasamstarf

Um nokkurt árabíl hefur VFÍ tekið þátt í samstarfi norrænu systurfélaganna með því að formaður og framkvæmdastjóri sækja árlega „Nordisk Ingeniörmöde“ (NIM). Á árinu 2003 varð sú breyting gerð að ellefu félög verkfræðinga og tæknifræðinga stofnuðu NORDING. Kemur það félag í stað NIM-fundanna sem verkfræðingar og tæknifræðingar héldu hvorir í sínu lagi.

NORDING 2004 í Svíþjóð

NORDING eru samtök norræna verkfræðinga og tæknifræðinga sem halda sameiginlegan aðalfund einu sinni á ári. Ein af skrifstofunum heldur utan um starfsemina eitt ár í senn og er í forsvari fyrir öll félögin út á við eins og t.d. í málefnum ESB. Ákveðið var að fela CF sænska verkfræðingafélaginu þetta hlutverk fyrsta árið. Fundur formanna og framkvæmdastjóra á Norðurlöndunum, NORDING, var haldinn dagana 9.-11. september 2004 í Mölle í Svíþjóð á vegum sænsku félaganna. Að þessu sinni var sérstaklega fjallað um það sem nefnt er „outsourcing“ eða úthýsing í alþjóðlegu viðskiptalífi, þar sem verkefni eru unnin í æ ríkara mæli í þróunarríkjum eins og Indlandi vegna lægri launakostnaðar.

Framkvæmdastjórafundur

Dagana 7.-8. febrúar sl. var fundur framkvæmdastjóra norræna félaga verkfræð-

inga og tæknifræðinga sem eiga aðild að NORDING.

Framkvæmdastjórn NORDING er á árinu 2004 til 2005 í höndum CF-sænska verkfræðingafélagsins. Á síðastliðnu ári var ákveðið að enska væri samskiptamálið og því öll opinber skjöl á ensku. Ennfremur var samþykkt að hvert land hefði eitt atkvæði. Ísland tekur þátt í samstarfinu eftir því sem efni og aðstæður leyfa.

Samskipti starfshópanna verða fyrst og fremst yfir netið og Ísland tekur þátt í þremur starfshópum innan NORDING þar sem fjallað er um: raungreinakenndu, gestaaðild og endurmenntun.

Verkefni Nording á þessu starfsári eru: Raungreinakenndu

Gestaaðild

Endur- og símenntun

www.nording.org

Nordic Metal

Mál á vegum Evrópusambandsins (EU agenda)

Hnattvæðing (Globalisering)

Norræn Tölfræði (Nordic statistics)

Í 2 tbl. Verktækni 2005 birtist grein um verkefni á vegum NORDING.

Samstarfið við Verkfræðideild Háskóla Íslands

Verkfræðingafélag Íslands hefur lagt mikla áherslu á gott samstarf við verkfræðideild Háskóla Íslands, enda eru slík tengsl báðum aðilum nauðsynleg.

Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri hafa átt fundi með forseta deildarinnar og skorarformönnum um málefni verkfræðideildar og félagsins.

Vinna nemenda við félagakerfið

Verkfræðingafélagið hefur fengið nemendur á þriðja ári við Verkfræðideild Háskóla Íslands til að vinna að skráningu og leiðréttingum í félagakerfinu og ýmis önnur störf.

Þessi vinna hefur verið liður í fjáröflun vegna útskriftarferða verkfræðinema.

Á þessu ári unnu nemendur að úttekt á því hvað yrði um þá sem lykju BS prófi í verkfræði. - Hvort þeir héldu áfram námi eða færu beint á vinnumarkaðinn. Þegar þetta er ritað er vinnu við úrvinnslu gagnanna ekki lokið

Styrktarsjóður J.C. Möller

Reglur sjóðsins kveða á um að öllu jöfnu skulu rafmagnsverkfræðinemar í lokaáföngum við DTU ganga fyrir varðandi styrkveitingu úr sjóðnum. Í ár var Eyrúnu Linnet og Kristjáni Hauki Flosasyni nemendum við DTU veittur styrkur úr sjóðnum hvoru að fjárhæð Dkr. 10.000.

Sjóðstjórn gat að þessu sinni veitt tvo styrki þar sem sjóðnum barst gjöf að fjárhæð 10.000 Dkr.



Íslandsnefnd FEANI

Verkfræðingafélag Íslands er aðili að FEANI, Evrópusamtökum verkfræðinga- og tæknifræðingafélaga. Þátttökubjóðir eru 27 með um eina milljón verkfræðinga og tæknifræðinga. Í hverju aðildarlandi starfa landsnefndir og standa Verfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands sameiginlega að Íslandsnefnd FEANI. Félögin skiptast á formennsku í nefndinni á tveggja ára fresti og tók TFÍ við formennsku á síðasta ári. Fyrir hönd TFÍ eru í nefndinni Jóhannes Benediktsson formaður, Eiríkur Þorbjörnsson, og Páll Jónsson. Fyrir hönd VFÍ eru í nefndinni Guðleifur M. Kristmundsson, Sigurður Brynjólfsson og Steindór Guðmundsson. Að auki er Jón Vilhjálmsson í nefndinni sem fulltrúi Eftirlitsnefndar FEANI. Framkvæmdastjóri félaganna er ritari nefndarinnar

Rekstur FEANI

Allt frá stofnun samtakanna hefur verið mikil umræða meðal aðildarfélaga um rekstur þess og staðsetningu. Rekstur FEANI er aðallega fjármagnaður með þátttökugjöldum aðildarfélaga og greiðslu vegna viðhalds og uppfærslu EUR ING titilsins. Greitt er samkvæmt félagatölu einstakra landa til samtakanna og greiða VFÍ og TFÍ árlega um 100 þúsund til FEANI. Höfuðstöðvar samtakanna eru í Brussel. Auk framkvæmdastjóra starfa tveir á skrifstofu samtakanna.

Ársfundur 2004

Formaður sótti ársfund FEANI 2004 sem haldinn var á Möltu 29. september – 3. október s.l. Fundinn sóttu fulltrúar allra aðildarfélaganna 27, nema Eistlands og Slóveníu, alls um 90 þátttakendur. Ársfundinum var skipt í tvo hluta, annars vegar almenn félagsmál og hins vegar önnur málefni.

A fundinum var m.a samþykkt tillaga um að leggja skuli fyrir ESB fyrir haustið 2005 nánari skilgreiningu á Practical engineer annars vegar og Technical engineer hins vegar.

Nefndir FEANI halda sérstaka lokafundi á sama tíma og stað og ársfundurinn er haldinn. Einnig er sérstakur samráðsfundur framkvæmdastjóra félagasamtaka innan FEANI þar sem rætt er um samskiptamál og önnur tilfallandi mál. Fulltrúi Íslands hafði tók á að sitja fund CPD nefndarinnar (endurmenntunarmál) auk ársfundarins.

EUR ING titill

Eitt af meginhlutverkum FEANI undanfarin 30 ár hefur verið uppsetning og viðhald á svokallaðri FEANI register. Skránni er haldið við af 11 meðlimum European Monitoring Committee (EMC). Árið 1970 var í fyrsta sinn gefið út European Register of Higher Technical profession. Nokkrum árum seinna árið 1987 kom út nýtt FEANI register þar sem EUR ING titillinn var skilgreindur á nýjan hátt. Í september 2004 hafa tæplega 28000 einstaklingar fengið EUR ing titil, þar af tólf á Íslandi. Nokkur ár eru síðan Íslendingur sótti síðast um titilinn og er það umhugsunarefni. Hægt er að sækja um titilinn að lokinni tveggja ára starfeyrslu og viðurkenndu verkfræði- eða tæknifræðinámi.

Ársreikningar 2003 voru samþykktir en þeir gera ráð fyrir 3% hækkun árgjalda. Í skýrslu endurskoðanda var lögð mikil áhersla á betra eftirlit og meiri stýringu fjármuna eins og fram komi í skýrslu stjórnar. Innri eftirlitsnefnd lagði fram ýmsa góða minnisþenta og verklagi við meðferð fjármála og voru tillögur þeirra samþykktar. Á fundinum voru lagðar fram tillögur að verklagi við inntöku nýrra félaga þar sem tekið er tillit til forgangs á meðferð umsóknar og ýmsar skilgreiningar sem viðhafðar eru innan ES. Tillögurnar voru samþykktar af meirihluta fundarins.

Skýrsla félagslegs endurskoðanda VFÍ

Undirritaður hefur fylgst með starfsemi félagsins með því að lesa fundargerðir stjórnar og sitja fundi. Þá hafa ársreikningar verið yfirfarnir fyrir félagið og hússjóð.

Almennt félagsstarf

Almennt félagsstarf hefur verið kraftmikið á árinu og starfaði fjöldi félagsmanna í ýmsum nefndum og ráðum fyrir félagið. Lítið hefur orðið ágengt á árinu í því að fá yngri verkfræðinga inn í félagið. Félögum hefur fjölgað úr 1106 í 1111 og mikið vantar á að fá allan þorra yngri verkfræðinga til liðs við félagið. Reikna má með að allt að 800 verkfræðingar á landinu séu utan félagsins.

Ráðstefnur, fundir og ýmis félagsstörf

Á starfsárinu voru haldnar 2 ráðstefnur, 8 samlokufundir, 3 fræðslufundir, farið í 1 kynnis- og skoðunarferð, 4 almennir fundir, haldið golfmót og bridgekeppni og margt fleira.

Útgáfumál

Útgáfa verktækni hefur tekist vel. Árbókin 2004 var gefin út í samstarfi við TFÍ eins og áður. Árbókin er verðugur arftaki hins gamla tímarits VFÍ þar sem fyrr á árum var greint frá flestum meiriháttar verklegum framkvæmdum í landinu. Eiga ritstjórinn og starfsfólk hans þakkir skilið fyrir gott starf.

Skrifstofa VFÍ

Góður rekstur var á skrifstofu félagsins eins og undanfarin ár og eru starfsfólk færðar þakkir fyrir gott starf.

Ársreikningur

Rekstrarhagnaður félagsins á árinu var um 1.5 milljón kr. á móti 0,2 milljón kr. hagnaði á fyrra ári. Einstakir kostnaðarliðir stóðust nokkuð vel miðað við rekstraráætlun félagsins. Innheimta félagsgjalda var rúm 97% og er það frábær árangur. Ef halda á uppi jafn kröftugu starfi og verið hefur nú undanfarið verður ekki hjá því komist að láta árgjöld a.m.k. fylgja verðlagsþróun. Við erum nú með lægstu árgjöld sambærilegra félaga og árgjöld í krónutölu eru nær óbreytt frá 1992. Það er heppilegra að fylgja verðlaginu fremur en að þurfa að taka stærri stökk síðar.

Fjárhagsstaða VFÍ er góð.
Eigið fé félagssjóðs
er 12.431 þús. kr.
og hússjóðs 154.783 þús kr.



Ársreikningur félagssjóðs 2004

Rekstrarreikningur Félagssjóðs VFÍ 2004

	2004	2003
<i>Rekstrartekjur</i>		
Félagsgjöld	14.202	13.597
Tekjur af fasteignum	4.436	4.062
Rekstrartekjur alls	<u>18.638</u>	<u>17.659</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Laun og launatengd gjöld	7.219	6.823
Húsnæðiskostnaður	2.143	2.092
Skrifstofukostnaður	2.374	2.519
Rekstrargjöld alls	<u>11.735</u>	<u>11.435</u>
Hagnaður (tap) af aðalstarfsemi	6.903	6.224
<i>Aðrar tekjur og gjöld</i>		
Árbók og verktækni	1.659	1.644
Ritröð VFÍ	-801	-264
Félagakerfi, húsbúnaður og fjarfundabúnaður	1.100	1.365
Fundir, ráðstefnur, Tæknidagar og kynningarstarf	1.214	1.051
Innlent og erlent samstarf	1.281	1.296
Annað	935	1.104
Aðrar tekjur og gjöld alls	<u>5.388</u>	<u>6.196</u>
(Gjöld) umfram tekjur án fjármagnsliða	1.515	27
Fjármagnstekjur(-) og fjármagnsgjöld	199	188
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	<u>1.714</u>	<u>215</u>

Hússjóður

Rekstrartekjur hússjóðs voru um 19,7 milljónir á árinu. Rekstrargjöld voru um 11,9 milljónir, þar af var um 4,4 milljónir framlag til VFÍ og 3,8 milljónir vegna kaupa á lyftu. Þá voru 5,9 milljónir í afborganir lána og vaxtagreiðslur. Heildarskuldir hússjóðs eru um 55 milljónir en markaðsvirði eigna sjóðsins í Engjateig 7 og 9 er líklega um 350 milljónir kr.

Lokaorð

Starfsemi félagsins og fjárhagsafkoma hefur verið góð á árinu.

Allur aðbúnaður er með besta móti en aðal vandamálið er ávallt það sama nú um mörg undanfarin ár, það vantar stærri hóp ungra verkfræðinga inn í félagið.

Á starfsárinu fóru af stað viðræður um sameiningarmál, annars vegar við Stéttarfélag verkfræðinga og hins vegar við Tæknifræðingafélag Íslands.

Nokkuð skiptar skoðanir eru um þessi mál í félaginu og verða þau eflaust töluvert í umræðunni á komandi starfsári.

Ég vil þakka stjórn félagsins, framkvæmdastjóra, starfsfólki og endurskoðanda gott starf á liðnu starfsári.

Félagslegur endurskoðandi VFÍ,
Vífill Oddsson

Efnahagsreikningur félagssjóðs VFÍ pr. 31. desember 2004

EIGNIR	2004	2003	SKULDIR	2004	2003
<i>Veltufjármunir</i>			<i>Eigið fé</i>		
Skammtímakröfur	11.883	10.638	Óráðstafað eigið fé	12.431	11.119
Handbært fé	6.834	2.193			
			<i>Skuldir</i>		
			Skammtímaskuldir	6.286	1.712
Samtals eignir	<u>18.717</u>	<u>12.831</u>	Samtals skuldir og eigið fé	<u>18.717</u>	<u>12.831</u>

Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Verkfræðingafélags Íslands fyrir árið 2004.

Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 20. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greinargerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til þess að byggja álit okkar á.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrarhagnaður ársins tæpum 1.714 þkr. en rekstrartekjur námu rúmum 18,6 mkr. Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi námu 18,7 mkr. en heildarskuldir námu á sama tíma 6,3 mkr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi var því jákvætt um 12,4 mkr. Veltufjármunir í árslok voru 12,4 mkr. hærrí en skammtímaskuldir.

Það er álit okkar að ársreikningurinn, gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2004, efnahag þess 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi



Ársreikningur Hússjóðs 2004

Rekstrarreikningur Hússjóðs VFÍ 2004

	2004	2003
<i>Rekstrartekjur</i>		
Húsaleiga	19.738	17.889
Rekstrartekjur alls	19.738	17.889
<i>Rekstrargjöld</i>		
Rekstur fasteignar	7.297	7.865
Framlag til félagssjóðs VFÍ	4.436	4.062
Annar kostnaður	185	136
Rekstrargjöld alls	11.918	12.062
Hagnaður (tap) án fyrminga og fjármagnsliða	7.821	5.827
<i>Fyrningar</i>		
Fyrningar alls	0	0
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða	7.821	5.827
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld	-5.878	-5.264
Hagnaður (tap) ársins	1.942	564

Efnahagsreikningur Hússjóðs VFÍ pr. 31. desember 2004

EIGNIR	2004	2003	SKULDIR	2004	2003
<i>Fastaþjármunir</i>			<i>Eigið fé</i>		
Engjateigur 9	163.490	153.588	Endurmatsríkningur	0	0
Engjateigur 7	48.009	46.183	Óráðstafað eigið fé	154.783	144.941
	211.499	199.771	<i>Eigið fé alls</i>	154.783	144.941
<i>Veltufjármunir</i>			<i>Skuldir</i>		
Útistandandi	111	451	Langtímaskuldir	44.781	44.779
Handbært fé	6	481	Skammtímaskuldir	12.051	10.983
Veltufjármunir alls	117	932	Skuldir alls	56.833	55.762
Samtals eignir	211.616	200.703	Samtals skuldir og eigið fé	211.616	200.703



Húsnæðismál

Á haustmánuðum 2003 var gengið frá eignaskiptasamningi vegna hússins að Engjateigi 7 en VFÍ eignaðist 11% í húsinu í stað þeirra lóðaréttinda sem það hafði aflað sér og lagði Ístaki til á sínum tíma. Þann 11. mars 2004 var síðan undirritaður leigusamningur þar sem Ístak leigir hluta VFÍ í Engjateigi 7 til tíu ára frá og með 1. september 2000.

Mikil og ánægjuleg umskipti hafa orðið á Verkfræðingahúsinu á síðastliðnum árum. Húsrými á jarðhæð var innréttað árið 2003 og haustið 2004 var lyfta tekin í notkun.

Í ár verða ýmsar minni háttar endurbætur gerðar samhliða því sem skipt verður um þak á húsinu.

Gerðardómur VFÍ

Eftir margra ára hlé var sl. vetur óskað eftir því að gerðardómur VFÍ væri skipaður og kallaður saman til að dæma í einu máli.

Mál nr. 1/2003, Gámaþjónusta Akraness ehf. kt. 520789-0739, Furugrund 3, Akranesi, gegn Akraneskaupstað Stillholti 16-18, Akranesi.

Dóminn skipuðu:


Magnús Thoroddsen hr., formaður dómsins skipaður af Hæstarétti Íslands.

Árni Björn Jónasson verkfræðingur
Rúnar G. Sigmarsson verkfræðingur

Stjórn VFÍ hefur skipað nefnd til að yfirfara reglur gerðardóms VFÍ og gera tillögur um á hvern hátt megi kynna hann betur.

Í nefndina voru skipaðir:

Formaður:
Kolbeinn Kolbeinsson
Aðrir í nefndinni:
Viðar Ólafsson
Björn Ingi Sveinsson
Hjörtur Torfason hrl
Kristrún Heimisdóttir frá SI



Eru félagsgjöldin of lág?


Miðað við launavísitölu í janúar 2005 hafa félagsgjöld lækkað um 56% frá 1990.

Í raun er lækkunin meiri því gjöld til deilda eru nú innifalin í félagsgjöldunum en voru það ekki áður. Sú lækkun nemur 2,5 til 5% eftir deildum. Þá kemur einnig til lækkun fyrir þá sem eru í SV svo lækkunin er komin í um 66% hjá sumum félagsmanna.

Félagsgjöld nýútskrifaðra félagsmanna eru fjórðungur félagsgjaldsins fyrstu tvö árin, næstu tvö árin eftir útskrift er greitt hálf gjald.

Félagsmenn greiddu á árinu 1992 rúmar 13 milljónir kr. til Félagssjóð VFÍ og auk þess 3,3 milljónir kr. til Hússjóðs VFÍ á verðlagi þess árs. Ef miðað er við meðalneysluvísitölu 1992 til 1993 þá samsvara félagsgjöld til Félagssjóðs VFÍ á árinu 1992 því að félagsgjöldin 2003 hefðu verið 18.367 þús.kr. (en rúmar 24 millj. kr. ef miðað er við launavísitölu). Félagsgjöldin á árinu 2003 námu hins vegar 13.567 þús. kr. eða rétt rúmlega krónutölu félagsgjaldanna 1992. Og engin félagsgjöld runnu til Hússjóðs VFÍ og hafa ekki gert frá árinu 1994.

Fjöldi félagsmanna VFÍ í árslok 1999 til 2004



Byggingarverkfræðideild

Aðalfundur félagsins var haldinn í húsi Verkfræðingafélags Íslands mánudaginn 14. júní 2004. Venja hefur verið að endurnýjun í stjórninni sé með þeim hætti að helmingur stjórnar sitji áfram og helmingur gangi úr henni. Úr stjórn gengu Benedikt Helgason (gjaldkeri) og Sigurjón Ólafsson (formaður). Í þeirra stað voru kjörnir Gísli Pálsson verkfræðingur hjá Ístaki hf. og Kristján Vilhelm Rúriksson verkfræðingur hjá Umferðarstofu. Áfram sátu í stjórn Sverrir Sigurðsson verkfræðingur hjá VST hf. og Þórarinn Bjarnason verkfræðingur hjá Línuhönnun hf.

Ríkharður Kristjánsson framkvæmdastjóri Línuhönnunar hélt mjög fróðlegan fyrirlestur um Sundabraut á aðalfundi, fór hann yfir verkefnið og fjallaði um umhverfismat, hönnun og arðsemi. Þátttaka á fundinum var þó heldur slök þar sem fundartími hitti á sama tíma og frændur okkar Danir voru að keppa við Ítali í Evrópukeppni landsliða í fótbolta. Á fyrsta stjórnarfundum skipti stjórnin með sér verkum og er Sverrir Sigurðsson formaður, Kristján Vilhelm Rúriksson varaformaður, Gísli Pálsson gjaldkeri og Þórarinn Bjarnason ritari.

Farið var í skoðunarferð í prentsmiðju Morgunblaðsins að Hádegismóum í maí 2004. Verktaki að þeirri framkvæmd er Þ.G. verktakar ehf. Eftir stutta kynningu á framkvæmdinni var gengið um húsið. Þátttaka var ágæt enda áhugaverð framkvæmd, t.d. er prentvélin á sérstöku gólfi sem er einangrað frá burðarvirki hússins til þess að geta betur staðist álag frá jarðskjálfta.

Þessar skoðunarferðir hafa mælst vel fyrir hjá félagsmönnum og sérstaklega vegna tímasetningar í upphafi dags. Stefnt er að ferðum á vormánuðum í íþrótt- og sýningarhöllina í Laugardal og einnig að skoða framkvæmd við færslu Hringbrautar um Hlíðarenda og Vatnsmýri.



Skýrslur deilda, faghópa og nefnda

Kvennanefnd VFÍ

Starfsárið 2004-2005 var Kvennanefnd VFÍ skipuð eftirtöldum, Ásdísi Guðmundsdóttur, Fjólu Jónsdóttur, Helgu Jóhönnu Bjarnadóttur, Jóhönnu Hörpu Árnadóttur og Kolbrúnu Reinholdsdóttur.

Stjórn kvennanefndar veltir reglulega fyrir sér hlutverki nefndarinnar og áhrifum. Upphaflega var hún stofnuð til að hvetja konur til þátttöku í félagsstarfi VFÍ og til að mynda tengslanet kvenna í stétt verkfræðinga. Nú fimm árum eftir stofnun hennar teljum við að konur hafi orðið meira áberandi meðal verkfræðinga en áður var. Þar má nefna t.d. að í stjórn VFÍ eru nú tvær konur í stað einnar og í stjórn Stéttarfélagsins eru nú 3 konur og kona er formaður félagsins.

Á haustdögum höfðu samband við okkur Félag kvenna í lögmennsku og Félag kvenna í læknastétt og lýstu áhuga á einhvers konar samstarfi. Ákveðið var að halda sameiginlegan fund félaganna og var það gert þann 14. október 2004. Gestur fundarins var Þórdís Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík. Fundurinn tókst mjög vel og var vel sóttur.

Haldið var áfram með fyrirtækjaheimsóknirnar og var farið í heimsókn til Össurar þann 17. mars 2004, til ÍSAL þann 23. nóvember 2004 og í heimsókn til Verkfræðistofunnar Línuhönnunar 2. febrúar 2005. Á öllum þessum stöðum

Orðanefnd BVFI

Innan BVFI er starfrækt orðanefnd sem unnið hefur mikið starf síðastliðin 19 ár við gerð Íðorðabókar um umhverfistækni þar sem skýrð eru hugtök sem tengjast: Efnafræði, eðlisfræði, náttúrufræði og ýmis tæknihugtök svo og orð sem tengjast umhverfinu, fráveitum, leiðslum, dælingu, sjávarföllum og mengun svo fátt eitt sé nefnt. Formaður nefndarinnar frá upphafi hefur verið Einar B. Pálsson. Íðorðabókin er nú tilbúin að öllu leyti nema að formaður er að ljúka við að skrifa formála hennar.

Leitað hefur verið til Háskólaútgáfunnar um að gefa bókina út og stefnt að því að gefa hana út í 500 eintökum. Vinna er því hafin við að undirbúa frágang hennar til prentunar. Bindur stjórnin vonir við að nú takist loks að ljúka þessari vinnu og gefa bókina út. Fyrir utan að stuðla að almennri varðveislu íslenskrar tungu er bókin nauðsynleg verkfræðingum, tæknifræðingum, iðnaðarmönnum og öðrum sem daglega fjalla um umhverfis- og fráveitumál. Bókin mun einnig nýtast vel í kennslu.



tóku á móti okkur kvenverkfræðingar og -tæknifræðingar sem starfa hjá þessum fyrirtækjum. Þær kynntu fyrirtækin og störf sín innan þeirra. Þessar heimsóknir voru vel sóttar og greinilegt að konur hafa áhuga á því sem aðrar konur eru að gera. Vil ég nota tækifærið og þakka höfðinglegar móttökur.

Nú í febrúar var enn á ný blásið til sóknar í jafnréttismálum og efndi Kvennanefndin, ásamt Félagi kvenna í lögmennsku, Félagi kvenna í endurskoðun og Félagi kvenna í lækna-stétt, til blaðamannafundar þar sem félög og lífeyrissjóðir voru hvattir til að auka hlut kvenna í röðum stjórnarmanna. Sá fundur var haldinn þann 8. febrúar og fékk hann mjög góða og ítarlega umfjöllun í fjölmiðlum. Greinilegt er að þarna var skriðu ýtt af stað og sér ekki fyrir endann á henni. Til stendur að skoða aftur hlutföll kvenna í stjórnnum félaga og lífeyrissjóða í vor þegar aðalfundur verður að mestu lokið.

Kvennanefndin ásamt félögum kvenna í lögmennsku, endurskoðun og lækna-stétt var beðin um að styðja við verkefnið kvennaslóðir.is sem er gagnagrunnur um konur í sérfræðigreinum sem hefur verið að byggjast upp og til stendur að styrkja og kynna. Við munum taka þátt í því af bestu getu.

Stefnt er að því að halda einn fund fyrir vorið.

Haldnir voru 4 fundir á síðasta starfsári: Fundirnir á starfsárinu voru:

Þann 17. mars 2004 var farið í heimsókn til Össurar, þar sem á móti okkur tóku kven-verkfræðingar og -tæknifræðingar sem þar starfa.

Þann 14. október 2004 var haldinn sameiginlegur fundur með Félagi kvenna í lögmennsku og Félagi kvenna í lækna-stétt, sem fjallaði um tengslanet. Gestur fundarins var Þórdís Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík.

Þann 23. nóvember 2004 var farið í heimsókn til ÍSAL þar sem á móti okkur tóku kven verkfræðingar og -tæknifræðingar sem starfa hjá ÍSAL.

Þann 2. febrúar 2005 var Verkfræðistofan Línuhönnun heimsótt þar sem á móti okkur tóku kvenverkfræðingar og kventæknifræðingar sem þar starfa. Kvennanefndin er með fulltrúa í jafnræðisnefnd VFÍ.

Kolbrún Reinholds dóttir

Ársskýrsla AVTÍ

Árið 2004 var ár mikils annríkis hjá austfirskum tæknimönnum. Er það hafið yfir allan vafa en ekki eins víst að það sé ástæða þess að starfsemi félagsdeildanna var hófleg á liðnu ári. Stjórnir héldu þó tvo fundi, annan í efra en hinn í neðra, en aðalfundur fórst fyrir. Voru þetta fyrstu fundir eftir stjórnarkjör í apríl 2003. Á fundinum í efra skiptu deildirnar því með sér verkum. Hjá verkfræðingum voru í stjórn: Ingólfur Arnarson, Jóhannes Pálsson og Óli Metúsalemsson. Rottuðu þeir sig saman Óli og Jóhannes og kusu Ingólf sem formann og skiptu síðan með sér leifunum þannig að Óli tók að sér ritarastarfið en Jóhannes gjaldkerann. Álíka lýðræðislegri framvindu hjá tæknifræðingum lauk með því að í stjórn voru kosnir Guðjón Magnússon formaður, Guðjón Már Jónsson ritari og Guðmundur Helgi Sigfússon gjaldkeri. Ekki fer miklum sögum af öðrum gerðum fundanna, nema að þar voru lögð drög að vísindaferð til Reyðarfjarðar sem betur eru gerð skil í meðfylgjandi greinargerð. Óformlegir símafundir voru einnig haldnir við undirbúning ferðarinnar.

Norðurlandsdeild VFÍ

Þriðja ferðin á jafnmörgum árum var farin á framkvæmdasvæðið við Kárahnjúka og í Fljótssdal 18. september sl.. Hópurinn varð samferða félögum úr VFÍ og TFÍ, sem komu með flugi frá Reykjavík til Egilsstaða. Hrönn Pétursdóttir frá Landsvirkjun var leiðsögumaður okkar um svæðið. Í upphafi var upplýsingamiðstöðin á Végeirsstöðum skoðuð og eftir skoðunarferð um framkvæmdasvæðið og hádegismat í boði Landsvirkjunar var hópnum boðið í veitingar að Skriðuklaustri í boði félaganna.

Aðalfundur NVFÍ var haldinn 4. mars sl. í Gamla Lundi á Akureyri. Ný stjórn var kosin. Í hana koma ný inn: Kristinn Magnússon formaður, Oddný Snorradóttir og Pétur Bjarnason. Áfram sitja í stjórn Bjarni Hjarðar og Jón Magnússon. Úr stjórn gengu Bergur Steingrímsson, Sigurjón Jóhannesson og Þórhallur Hjartarson. Að aðalfundinum loknum var félagsfundur með forsvarsmönnum VFÍ og SV annars vegar og sameiginlegur fundur með NTFÍ og forsvarsmönnum VFÍ, TFÍ og hins vegar. Um kvöldið var "síldarkvöld". Ræðumaður kvöldsins var Ásgeir Magnússon tæknifræðingur og starfsmaður skrifstofu Samtaka atvinnulífsins á Norðurlandi. Eins og fyrri ár var góð samvinna á milli Norðurlandsdeilda verkfræðinga og tæknifræðinga.

Efnaverkfræðideild

Unnið var að undirbúningi ráðstefnu efna- og efnaverkfræðinga með Efnaverkfræðifélagi Íslands frá vori 2004.

Ráðstefnan var síðan haldin á Nesjavöllum 18-19. september sl. og sóttu hana um 50 manns þá tvo daga sem hún stóð.

Fjallað var um þrjú meginefni:

Lyfjaþróun, efnagreiningar og þátt efnaverkfræðinnar í framþróun og nýsköpun á Íslandi. Alls voru haldin um 15 erindi um þessi efni af m.a. Sigríði Ólafsdóttur hjá Lyfjaþróun hf., Sigurði Reyni Gíslasyni hjá Raunvísindastofnun og Freygarði Þorsteinssyni hjá Össuri hf. svo einhverjir sé nefndir.

Fjöldmörg rannsóknaverkefni voru kynnt á veggspjöldum og orkuverið að Nesjavöllum skoðað.

Rafmagnsverkfræðideild

Í stjórn RVFÍ starfsárið 2004-2005 sitja: Guðlaug Sigurðardóttir formaður, Þorvarður Sveinsson stallari, Þorsteinn Jóhannesson ritari og Ragnar Jónsson gjaldkeri. Starfsemi deildarinnar hefur að mestu verið með hefðbundnum hætti.

Aðalfundur RVFÍ var haldinn í Verkfræðingahúsi í lok maí. Að loknum aðalfundarstörfum var opinn fundur fyrir alla félagi VFÍ og TFÍ þar sem að Aðalsteinn Bjarnason stofnandi og einn aðal eigandi Fallorku hf. kynnti framkvæmdir við Djúpadalsvirkjun í Eyjafirði, stærstu vatnsaflsvirkjun í einkaeign. Þessi fundur var einkar vel sóttur og þótti mjög áhugaverður.

Fyrsta starf nýrrar stjórnar var að skipa Þorvald Einarsson sem sinn fulltrúa í undirbúningsnefnd Tæknidaga. Þorvaldur tók í þeim undirbúningi að sér að vera tæknistjóri sýningarinnar "Orkan okkar - Heimili morgundagsins" og sá þar m.a. um að samræma öll tæknimál í undirbúningi og við uppsetningu.

Í upphafi vetrar lagði stjórnin línurnar fyrir vetrarstarfið og var ákveðið að keyra á ákveðnu þema í gegnum vetrarstarfið. Þemað sem varð fyrir valinu var "Útflutningur á tækni og hugbúnaði". Í nóvember var farið í heimsókn til Hafmyndar þar sem Torfi Þórhallsson kynnti starfsemi fyrirtækisins og sjálfvirka kaþbáta sem Hafmynd hefur þróað til neðansjávarransóknar og eftirlits. Fyrirtækið hefur þegar gengið frá sölu nokkurra kaþbáta, bæði hérlendis og erlendis, og vinnur að enn frekari þróun þessarar áhugaverðu tækni.

Í nóvember var einnig farið í heimsókn til Trackwell Software. Trackwell er leiðandi fyrirtæki í hátækni hugbúnaðarlausnum sem tengjast síma- og staðsetningartækni. Jón Ingi Björnsson framkvæmdastjóri Trackwell kynnti reynslu fyrirtækisins af útflutningi á hugbúnaði og Arnar Gestsson og Björn Jónsson kynntu síðan nokkrar lausnir sem eru í notkun hjá viðskiptavinum.

Í janúar var haldinn fundur í Verkfræðingahúsi þar sem Sigmar Björnsson frá Stjórnun-Odda var með fyrirlestur og kynningu á þeirra framleiðsluafurðum, allt vörur sem eru framleiddar á Íslandi.



Skýrslur deilda, faghópa og nefnda

Stjórnun-Oddi hefur vakið athygli heima sem erlendis fyrir þá tækni sem fyrirtækið hefur þróað fyrir fiskimerkingar.

Í febrúar var farið í heimsókn til Össurar hf. þar sem Karl Guðmundsson vörustjóri hjádeildar og Magnús Oddsson verkfræðingur úr þróunardeild kynntu starfsemi fyrirtækisins almennt og fóru svo sérstaklega yfir markaðssetningu og þá tækni sem notuð er í hinu margrómaða Rheo hné. Rheo hnéð, sem er rafeindastýrt gervihné með gervigreind, er byltingarkennd nýjung á sviði stoðtækni. Unnið hefur verið að þróun og prófunum á hnénu síðastliðin fjögur ár af hópi verkfræðinga hjá Össuri í samvinnu við Massachusetts Institute of Technology (MIT) í Boston í Bandaríkjunum.

Í mars var farið í heimsókn til CCP hf., fyrirtæki sem framleiðir internet tölvuleikinn EVE-Online sem er orðinn vel þekktur um allan heim. Í lok janúar fékk CCP viðurkenningu sem besti fjölnotenda leikur ársins 2004 frá vefritinu Massive Multiplayer Hell. Í gegnum EVE-online eru 54.000 áskrifendur tengdir saman í sýndarheim geim-fantasíu sem gerist í rauntíma. Mest hafa yfir 12.000 manns verið tengdir á sama tíma í leiknum, en CCP stefnir að fjölgun notenda í 100.000 og ná yfir 30.000 manns samtímis í leiknum.

Samstarfssamningur VFÍ og IEEE var endurnýjaður á vormánuðum 2004. Stjórn RVFÍ fundaði í október með stjórn IEEE á Íslandi til að ræða væntanlegt vetrarstarf félaganna.

Félögin hafa í vetur skipst á upplýsingum um þá viðburði sem þau standa fyrir og eru þeir opnir félagsmönnum beggja félaga. Stjórn IEEE á Íslandi fór þess á leit við RVFÍ að komið yrði á samstarfi milli IEEE og VFÍ um að veita á ári hverju viðurkenningu til rafmagnsverkfræðings sem þætti skara fram úr. Þessi viðurkenning yrði þáttur í samstarfi IEEE og VFÍ og myndi á sinn hátt vekja athygli á bæði félögum og verkfræðingum almennt. VFÍ lýsti áhuga sínum á þessu samstarfi og er málið nú í vinnslu hjá stjórn IEEE.

Rekstur Upplýsingatæknihóps VFÍ er í höndum RVFÍ og forsvarsmaður hans í ár er Þorvarður Sveinsson stallari. Viðfangsefni hópsins í vetur hefur verið að styðja við endurmenntun í faginu, með því að koma af stað röð fyrirlestra og kynninga um sérvalin svið upplýsingartækni. Á hverri kynningu er ákveðið viðfangsefni kynnt af sérfræðingi í faginu. Markmið hvorrar kynningar er að gefa áhugasömum tækifæri til að kynna sérhæfðari tæknimálum en almennt hefur verið í boði á opnum fundum.

Í desember var fyrsti fyrirlesturinn í kynningarröð UT hópsins. Sverrir Ólafsson frá Conexant var þá með kynningu á rauntímastýringum og vinnslu með uClinux.

Í byrjun febrúar var annar fyrirlesturinn í þessari kynningarröð þar sem Sverrir Jan Norðfjörð og Ingimar Bjarnason, SAP sérfræðingar hjá Nýherja, stóðu

og brautir þeirra, geimfjarskiptakerfi, loftnet til geimfjarskipta og geisla þeirra og loks um útsendingu. Þessi kafli er styttri en 731. kafli og lauk fyrri umfjöllun nefndarinnar um hann á ótrúlega stuttum tíma. Annarri umferð um 731. kafla lauk svo fyrir sumarleyfi, en einstök íðorð úr báðum köflum voru rædd eftir þörfum öðru hverju um haustið, þegar kaflarnir voru í lokaendurskoðun og undirbúnir fyrir prentun. Þorvarður Jónsson, félagi í Orðanefndinni frumpýddi báða kaflana.

Kaflarnir voru teknir saman í eina bók, *Raftækniórðasafn 12*, sem jafnframt er sextánda útgáfubók ORVFÍ. Ber hún undirtitlinn *Ljósleiðara- og geimfjarskipti* í samræmi við viðfangsefni kaflanna. Bókin kom út fyrri hluta desember og er þar með níunda bókin, sem Orðanefnd rafmagnsverkfræðinga sendir frá sér á jafnmörgum árum. Inngangsorð ritaði Sæmundur Óskarsson en ritstjóri Raftækniórðasafns er Bergur Jónsson. Orðanefndin hlaut styrk úr Menningarsjóði til útgáfunnar, 150.000 krónur, sem nægðu aðeins fyrir broti af prentkostnaði.

Í október hófst umfjöllun um 712. kafla í *Alþjóða raftækniórðasafninu*, sem er um loftnet almennt en var ekki lokið, þegar árið var á enda. Þennan kafla frumpýddi orðanefndarmaðurinn Gústav Arnar og einnig 705. kafla, sem á ensku heitir *Radio wave propagation*. Í ráði er að gefa næst út þessa tvo kafla saman í bók. Hér lendar ORVFÍ í erfiðu máli, því að hér á ekki við að kalla radio waves útvarpsbylgjur, sem gæti valdið misskilningi vegna þröngrar merkingar á orðinu útvarp, og enn síður er hægt að tala um þráðlausar bylgjur. Nú skorar nefndin á alla þá, sem áhuga hafa á íslensku máli að spreyta sig á því að finna gott og þjálft orð fyrir enska orðið *radio* og láta nefndarmenn vita. Fyrir fjöldamörgum árum síðan var rætt um að taka upp orðið *vak* fyrir radio, en á fjölmönnum fundi sérfræðinga frá Pósti og síma, orðanefndarmanna, íslenskufraeðinga og fleiri, sem til voru kallaðir, hlaut orðið ekki náð fyrir augum fundarmanna þá. Eru þessi viðhorf hugsanlega breytt nú, eða

kemur kannski fram ný, nothæf tillaga að nýyrði um þetta hugtak? Málið var lítillaga rætt á fundum nefndarinnar sl. vor.

Erindi bárust Orðanefnd bæði frá Íslenskri málstöð og Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins með beiðni um þýðingar á tilteknum íðorðum. Fjallað var um orðin á fundum nefndarinnar og niðurstöður sendar fyrirspyrjendum.

Aðalfundur Málræktarsjóðs var haldinn 4. júní. Orðanefnd rafmagnsverkfræðinga er meðal stofnenda sjóðsins og á því rétt á að senda fulltrúa á aðalfundi hans. Þorvarður Jónsson sat fundinn af hálfu Orðanefndarinnar, en Bergur Jónsson, formaður nefndarinnar, sat fundinn sem fulltrúi VFÍ. Verkfræðingafélag Íslands er einnig meðal stofnenda sjóðsins. Sú venja hefur skapast, að flytja erindi í lok hvers aðalfundar um málefni, sem snerta störf Málræktarsjóðs á einhvern hátt. Í þetta sinn flutti Bergur Jónsson, fyrirlestur um Orðanefnd rafmagnsverkfræðinga, tilurð nefndarinnar árið 1941, tengsl og störf fyrstu nefndarmanna hennar við Orðanefnd verkfræðinga, sem starfaði frá 1919 til 1933, og sagði frá störfum ORVFÍ og útgáfu íðorðabóka nefndarinnar frá upphafi til miðs árs 2004, í 63 ár.

Hinn 23. september var svo haldinn fundur í fulltrúaráði Málræktarsjóðs, og sóttu Bergur og Þorvarður fundinn sem fulltrúar sömu aðila og áður.

Nordterm efndi til tveggja námstefna (seminarium) í október í Solna, Svíþjóð. Hvor tveggja námstefnan stóð í einn dag. Fékkst hin fyrri við markaðsfærslu á íðorðavinnu, hin síðari við kennslu í íðorðafraeðum. Áhugi var á að nota þetta tækifæri, sem talið var geta komið Orðanefndinni til góða, og sækja námstefnurnar. Ákveðið var að formaður, Bergur Jónsson, færi til Svíþjóðar í þessu skyni. Verkfræðingafélag Íslands styrkti þátttakandann til fararinnar og eru hér færðar bestu þakkar fyrir. Fulltrúi Íslenskrar málstöðvar sótti

fyrir kynningu á Lausnamengi SAP viðskiptakerfisins, rofastillingum og forritun.

Fyrirhugað er að hafa þriðja fyrirlesturinn í þessari kynningarröð í apríl.

Stjórn RVFÍ skipaði Auði F. Kjartansdóttur sem sinn fulltrúa í ENSÍM nefnd VFÍ. Auður hefur verið í sambandi við fulltrúa Endurmenntunarstofnunar HÍ þar sem hún fór yfir niðurstöður þeirrar könnunar sem fyrri stjórn RVFÍ stóð fyrir um endurmenntunarþörf meðal RVFÍ félaga.

Aðalfundur RVFÍ er fyrirhugaður í maí. Fundurinn verður væntanlega í Verkfræðingahúsi og er reiknað með að í framhaldi af aðalfundarstörfum verði opinn fundur með aðfengnu erindi eða fyrirlestri.

Störf Orðanefndar RVFÍ árið 2004

Í janúar á liðnu ári var haldið áfram frá fyrra ári að fjalla um hugtök og íðorð í 731. kafla *Alþjóða raftækniórðasafnsins, IEV*, en efni hans eru fjarskipti um ljósleiðara, uppbygging og eiginleikar ljósleiðara, útbreiðslueiginleikar, ljósleiðarastrengir og -kerfi, tengibúnaður ljósleiðara, ljósgjafar, ljósnemar, mælitækni og fleira tengt ljósleiðurum. Lauk fyrstu umfjöllun um kaflann fyrir mánaðarlok og var þá tekinn fyrir 725. kafli, en hann fjallar um *geimfjarskipti*. Þar eru íðorð varðandi gervitungl, geimför

einnig námstefnurnar, en aðrir fulltrúar og fyrirlesarar voru frá Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð. Á sumri komanda verður haldin Nordterm námstefna hér á landi.

Dagur íslenskrar tungu er 16. nóvember ár hvert. Dagsins var minnst í þetta sinn 20. nóvember með hátíðarsamkomu í Háskóla Íslands. Fimm félagar Orðanefndar tóku þátt í hátíðarhöldunum, auk Baldurs Sigurðssonar, dósents, sem er nefndinni til ráðgjafar um íslenskt mál.

Fundir ORVFÍ á árinu 2004 urðu 31, þrátt fyrir 16 vikna sumarleyfi. Meðalfundarsókn var 8,26 menn á fundi, um 75% félaga, að íslenskfræðingi meðtöldum. Um áramótin 2004/2005 hafði ORVFÍ þar með komið saman á 1059 fundum frá árinu 1971, en þá var farið að færa fundargerðir reglulega.

Á árinu 2004 skipuðu eftirtaldir rafmagnsverkfræðingar Orðanefnd RVFÍ:

Bergur Jónsson, formaður
Gísli Júlíusson
Gunnar Ámundason
Ívar Þorsteinsson
Sigurður Briem
Sæmundur Óskarsson
Þorvarður Jónsson

og rafmagnstækni-fræðingarnir:
Guðmundur Guðmundsson og
Hreinn Jónasson.

Auk þess starfar Baldur Sigurðsson dósent við KHÍ með nefndinni sem sérfræðingur og ráðgjafi um íslenskt mál, eins og áður er sagt

Hinn 29. desember 2004 lést Gísli Júlíusson, sem starfað hafði í nefndinni frá því í ársbyrjun 1974, alls 31 ár. Með honum er genginn góður félagi og ötull liðsmaður. Skarð er fyrir skildi og hans sárt saknað.



Atburðir 2004 - 2005

Fundir og ráðstefnur voru í flestum tilfellum haldnar í samvinnu VFÍ og TFÍ. Flestu efni eru gerð skil hér á eftir, en sjá einnig www.vfi.is, Verkætæni og Árbók.

Samlokufundur 1. apríl 2004

Markmið og tilgangur MBA náms í HR
Þórunna Jónsdóttir, lektor

Málstofa umhverfis- og byggingarverkfræðiskorar HÍ 1. apríl 2004

Ritröð Verkfræðingafélags Íslands

Hákon Ólafsson formaður ritnefndar

Upplýsingatæknihópur VFÍ 14. apríl 2004

Hugbúnaðarverkfræði – hvað er það?

Helgi Þorbergsson dósent, Oddur

Benediktsson prófessor

Samlokufundur 6. maí 2004

Bylgjubrotsmælingar

Karl Gunnarsson jarðeðlisfræðingur

BVFÍ - Heimsókn á verkstað Þ.G.

verktaka 6. maí 2004

Nýbygging prentsmiðju

Morgunblaðsins

RVFÍ - Aðalfundur 19. maí 2004

Djúpadalsvirkjun – frá hugmynd til gangsetningar

Aðalsteinn Bjarnason framkvstj. og

stofnandi Fallorku

Samlokufundur 3. júní 2004

Siglingavernd

Eyþór H. Ólafsson, öryggisstjóri hjá

Eimskip

BVFÍ – Aðalfundur 14. júní 2004

Verkfræðideild Háskóla Íslands

Nordek ráðstefna 14. júní

Verkfræðimenntun framtíðarinnar

Verktækni golfmótið 14. ágúst 2004

Golfmót VFÍ og TFÍ í Vestmannaeyjum

Fundur vegna Kárahnjúkaferðar

14. september 2004

Jeppaferðalangar, fræðslufundur

Samlokufundur 16. september 2004

Staða framkvæmda við Kárahnjúka

Guðmundur Pétursson, staðar-

verkfræðingur

Sigurður Arnalds, kynningarstjóri

Kárahnjúkavirkjunar

Skoðunarferð að Kárahnjúkum 18. september 2004

Leiðsögumaður: Guðmundur

Pétursson

Skoðunarferð til Reyðarfjarðar 19. september 2004

Kynning hjá Bechtel, byggingarsvæði

Fjarðarás og á jarðgöngunum á milli

Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar.

Ráðstefna um menntun verkfræðinga og tæknifræðinga 23. september 2004

Samlokufundur 14. október 2004

Sundabrautin

Ríkharður Kristjánsson yfirverk-

fræðingur og framkvæmdastjóri

Línuhönnunar hf.

STFÍ – Hellisheiðarvirkjun 22. okt. 2004

Skoðunarferð á virkjunarsvæði

Hellisheiðarvirkjunar.

Tæknidagar 28.10.-1.11. 2004

Orkan okkar - heimili morgundagsins

Samlokufundur 2. nóvember 2004

Samhæfing á flóðasvæðum.

Sólveig Þorvaldsdóttir, verkfræðingur í

Samhæfingarteymi SP (UNDAC)

Samlokufundur 4. nóvember 2004

Íslenska djúpporunarverkefnið – IDDP


Guðmundur Ómar Friðleifsson,

sérfræðingur í jarðfræði hjá Ísl.

orkurannsóknnum (ÍSÖR).

RVFÍ – Heimsókn til Hafmyndar 10. nóvember 2004

Kynntir verða sjálfvirkir kafbátar.



Rekstrar- og fjármálahópur VFÍ
23. nóvember 2004 Morgunverðarfundur
Greining fjármálamarkaða.

Frummælendur: Edda Rós Karlsdóttir
og Atli B. Guðmundsson

Kvennanefndar VFÍ - 23. nóvember 2004

Heimsókn til Alcan á Íslandi.

Málþing um þolhönnun, fimmtudaginn 25. nóvember 2004

Næst þegar hvessir.

Ráðstefnustjóri Björn Ingi Sveinsson,
borgarverkfr.

Samlokufundur 2. desember 2004

Bókakynning.

Torfi G. Tulinius og Einar Már
Guðmundsson

Samráðsfundur 3. desember 2004 VFÍ og TFÍ

Umræða um menntunarmál
verkfræðinga og tæknifræðinga

Bridgekeppni VFÍ 8. desember 2004

Keppnisstjóri Þorlákur Jónsson,
 vélaverkfræðingur.

RVFÍ – 20. janúar 2005

Fiskmerkingar.

Sigmar Guðbjörnsson, Stjörnu-Odda.

Kvennanefnd VFÍ – 2. febrúar 2005

Heimsókn til Línuhönnunar

RVFÍ – Upplýsingatæknihópur, 2. febrúar 2005

Lausnamengi SAP viðskiptakerfisins.

STFÍ – Námskeið 3. febrúar 2005

**Greining ársreikninga og breytingar
á skattaumhverfinu.**

Kristófer Ómarsson, KPMG

Samlokufundur 3. febrúar 2005

Kyotóbókunin og kvótaviðskipti

Auður H. Ingólfssdóttir, alþjóðastjórnsmál
afræðingur, UMÍS ehf.

Árshóf VFÍ 5. febrúar 2005

Hótel Sögu, Súlnasal

Rekstrar- og fjármálahópur VFÍ –

Morgunverðarfundur 15. febrúar 2005

**Útflutningur á íslenskri verkfræði-
þekkingu.**

Láurs S. Ásgeirsson, vélaverkfræð-
ingur, Marel.

Bjarni Þorvarðarson, rafmagnsverk-
fræðingur, CVC á Íslandi.

Ráðstefna VFÍ og TFÍ um samgöngumál

3. mars 2005

Heilsdagsráðstefna á Grand Hótel

**Um hálandisvegi og samgöngur á
höfuðborgarsvæðinu.**

NVFÍ og NTFÍ – 4. mars 2005

Samráðsfundur norðan heiða

Félagsfundur VFÍ – 9. mars 2005

**Uppbygging framtíðarfélags
verkfræðinga og tæknifræðinga.**

Samlokufundur 10. mars 2005

**Þrívíddar líkanagerð – Stereolitho-
graphy**

Dr. Þórður Helgason

Verkfræðingafélag Íslands
Engjateigi 9
sími: 568 8511
bréfasími: 568 9703
www.vfi.is; vfi@vfi.is

